

Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra

erfdabreytt@erfdabreytt.is • www.erfdabreytt.is

Reykjavík, 25. febrúar 2013

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
IS-150 Reykjavík


**Umsögn kynningarátaks um erfðabreyttar lífverur um:
193. mál: Tillaga til þingsályktunar um bann við útiræktun á erfðabreyttum lífverum**

Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur fagnar því að fram sé komin þingsályktunartillaga Þuríðar Backman og fimm annarra þingmanna um stöðvun útiræktunar á erfðabreyttum lífverum hér á landi.


Kynningarátakið hvetur þingmenn og stjórnvöld til að stöðva leyfisveitingar til útiræktunar á erfðabreyttum plöntum, uns fram hefur farið gagnger endurskoðun óháðra aðila á regluverki leyfisveitinga og rannsóknarforsendum þeirra, og að vísindarannsóknir sem lagðar eru þeim til grundvallar hafa verið gerðar gegnsærri og óháðari hagsmunum líftæknifyrirtækja.

Kynningarátakið telur að almannavaldinu beri skylda til að bregðast við niðurstöðum slíkra rannsókna á grundvelli varúðarreglunnar, og tryggja betur en gert er öryggi íslenskrar náttúru, neytenda og framleiðenda gagnvart hugsanlegri áhættu af völdum erfðabreyttra lífvera og afurða þeirra.

Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur hvetur alþingismenn til þess að samþykkja umrædda tillögu til þingsályktunar.



Landvernd




Matvæla- og veitingafélag Íslands




Náttúrulækningafélag Íslands



Neytendasamtökin



Slow Food Reykjavík



Vottunarstofan Tún

Eftirtaldir aðilar standa að Kynningarátaki um erfðabreyttar lífverur:

Landvernd • Matvæla- og veitingafélag Íslands • Náttúrulækningafélag Íslands • Neytendasamtökin • Slow Food Reykjavík • Vottunarstofan Tún